


GILDANDI SKIPULAG




BREYTING

Hluti af Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036




## SKÝRINGAR




## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagbreytingin var samþykkt í í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann ____________.

________________________________

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________.

## ALMENNT

Um er að ræða breytingu á Deiliskipulagi í Hveradölum, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Deiliskipulagið var samþykkt þann 31. ágúst 2023 og öðlaðist gildi þann 14. september sama ár. Samhliða þessari breytingu er gerð breyting á aðliggjandi deiliskipulagi.

ON áformar að hefja niðurdælingu vatns frá Hellisheiðarvirkjun með niðurrennslislögn að Lakahnúkum. Ný lögn mun liggja frá núverandi niðurrennslislögn að Gráuhnúkum (vestan Hveradala), meðfram gamla þjóðveginum og þaðan að borholum nærri Lakahnúk (norðaustan Hveradala) og borholum nærri Gígahnúk (suðaustan Hveradala), ásamt dælustöð sem reisa þarf á pípulögn að holum við Gígahnúk (austan Hveradala). Stærstur hluti framkvæmdarinnar liggur utan skipulagssvæðis þessa deiliskipulags en hluti lagnaleiðarinnar mun liggja innan þess, þ.e. 625 m.

## DEILISKIPULAGSBREYTINGIN

Breytingin felst í því að hluta niðurrennslislagnar er bætt inn á deiliskipulagsuppdrátt. Lögnin er staðsett í sunnanverðum vegkanti gamla vegarins sem er í deiliskipulaginu skilgreindur fyrir aðkomuleið, gönguleið og að hluta til á reiðleið. Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum innan eða nærri deiliskipulagsins vegna niðurdælingarinnar.

Í kafla 5.3.16 um lagnir í gildandi deiliskipulagi kemur fram að lagnir að baðlóni verði samsíða vegum eða uppbyggðum göngustígum. Við kaflann bætist:

> Niðurrennslislögn frá Hellisheiðarvirkjun að Lakahnúkum og Gígahnúk verður einnig samsíða vegum og göngu- og reiðleiðum.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulag.

## ÁHRIF BREYTINGARINNAR

Breytingin er talin hafa óverulega áhrif á umhverfið. Lagnaleiðin liggur um þegar raskað svæði og hefur því óveruleg áhrif á náttúru umfram það sem þegar er orðið. Lögnin verður niðurgrafin og hefur því ekki áhrif á ásýnd svæðisins eða starfsemi á svæðinu. Á framkvæmdatíma kann að verða ónæði til mjög skamms tíma.

N

1:2.000 — 0 20 40 60 80 100 200m

## SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

DEILISKIPULAG Í HVERADÖLUM

TILLAGA AÐ BREYTINGU

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:2.000/A2 | DAGS. 29. febrúar 2024 | VERKFANG: 01035-085 |
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: EiJ | SAMÞ: EiJ |

VERKÍS

V:\01\01035\teikn\+U\V853\01035-DSK breyting.dgn